Fullgild rafræn undirskrift
KJARTAN GUÐMUNDSSON
2026-11-13 09:17:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2026-11-13 09:46:57 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
Ísafjörður 400
Ísland

13. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3365

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 8. október 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Arctic Sea Farm ehf., Arnarfirði þann 19. ágúst 2026. Þann 28. október 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

4 ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 19.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Ársyfirlitið er ófullnægjandi og þarf að skila aftur inn.*	**Opið**
Tillögur rekstraraðila:	Uppfærðu ársyfirliti verður skilað til Umhverfis- og orkustofnunar í síðasta lagi 11. desember 2026.	
gr. 3.1 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 19.8.2026 Spilliefni skulu geymd á öruggan hátt. *Lekabyttur vantaði undir hættuleg efni í vélarrými fóðurpramma í Trostansfirði.*	**Opið**
Tillögur rekstraraðila:	Lekabyttur verða settar undir öll hættuleg efni á fóðurpramma í Trostansfirði og myndir því til staðfestingar	

	verða sendar til Umhverfis- og orkustofnunar í síðasta lagi 11. desember 2026.	
gr 4.3 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 19.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Rekstraraðili skilaði umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi) þann 1. júní 2026.*	**Lokað**
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 19.8.2026 Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. *Rekstraraðili skilaði ársyfirliti þann 1. júní 2026.*	**Lokað**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits